


## SUND / EVRÓPUMEISTARAMÓTIÐ Í AÐENU



Magnús Már Ólafsson setti fjögur Íslandsmet á Evrópumeistaramóti í Aþenu.

Morgunblaðið/Bjarni

# Ellefu Íslands- met í Aþenu


Magnús Már setti fjórða Íslandsmet sitt á laugardaginn

**ÍSLENSKA** sundlandslíðið stóð sig mjög vel á Evrópumeistaramóti í Aþenu sem lauk í Grikklandi á sunnudag. Alls voru 11 Íslandsmet sett á mótinu og er það besti árangur sem Íslendingar hafa náð.

Magnús Már Ólafsson setti fjórða Íslandsmet sitt á laugardaginn. Hann synti þá 50 metra skriðsund á 23.86 sek. og varð í 24. sæti af 30. Gamla metið sem hann átti sjálfur var 24,09 sek. og var það sett á Ólympíuleikum í Seoul 1988. Magnús hafði áður sett met í 100 og 200 m skriðsundi og 100 m flugsundi.

Ingibjörg Arnardóttir bætti elsta metið hjá konunum er hún synti 200 metra flugsund á 2:23.00 mín. og hafnaði í 20. sæti af 27. Þórunn Alfreðsdóttir átti gamla metið sem var 2:23.86 mín. og var það sett 1978. Áður hafði Ingibjörg sett met í 400 og 800 m skriðsundi.

Ragnheiður Runólfssdóttir keppti í 200 metra fjórsundi á laugardag.



Arnar Freyr Ólafsson náði að bæta sig verulega á EM og setti Íslandsmet í 400 m fjórsundi.

Hún synti á 2:26.41 mín. og var töluvert frá Íslandsmeti sínu. Hún stóð sig vel á mótinu og setti alls 3 Íslandsmet; tvíbætti metið í 200 m bringusundi og síðan í 100 m bringusundi.

Ævar Örn Jónsson keppti í 100 metra baksundi á laugardag og bætti fyrri árangur sinn, synti á 1:01.02 mín. Hann varð í 29. sæti.

Arnar Freyr Ólafsson, sem setti Íslandsmet í 400 m fjórsundi, varð í næsta sæti í 200 m fjórsundi, synti á 2:14.58 mín. Eðvarð Þór á Íslandsmetið, 2:09.74 mín.

Helga Sigurðardóttir varð í 24. sæti af 30 í 50 m skriðsundi. Hún synti á 27.42 sek. og var aðeins einum hundraðasta úr sekúndu frá Íslandsmetinu.

Loks keppti íslenska karlasveitin í 4X100 metra fjórsundi og hafnaði í síðasta sæti, synti á 4:00.29. Íslandsmetið er 4:00.16 mín.

Ísland hafnaði í 20. sæti í stiga-keppninni af 29 þjóðum og er það besti árangur sem við höfum náð. Ísland hlaut 38 stig.

## „Besti árangur sem við höfum náð“

— sagði Guðfinnur Ólafsson, formaður SSÍ

**GUÐFINNUR Ólafsson, formaður Sundsambands Íslands, var mjög ánægður með árangurinn á mótinu. „Þetta er besti árangur sem við höfum náð á stórmóti. Sundfólkið er allt á uppleið og þjálfunin greinilega á réttri leið,“ sagði Guðfinnur.**

Hann sagði að breiddin væri nú meiri en áður og ekki óhugsandi að við ættum fjóra til fimm sundmenn á næstu Ólympíuleikum. „Ragnheiður hefur sýnt og sannað að hún er að komast í allra fremstu röð og hefur margsinnis náð ÓL-lágmörkum. Hún náði að komast í A-úrslit í 200 metra bringusundi og var alveg við það að sleppa inn

í 100 metra bringusundi. Magnús Már, Arnar Freyr og Ingibjörg eru öll rétt við ÓL-lágmörkin og ættu að geta náð þeim. Magnús og Ingibjörg náðu bæði að komast í B-úrslit og er það vel,“ sagði Guðfinnur.

Hann sagði að nú þyrfti að hlúa vel að sundfólkinu og gera því kleift að æfa af fullum krafti fyrir Ólympíuleika. „Þetta er alltaf spurning um peninga og þeir hjá Afreksmannasjóði ÍSÍ ættu að skoða þennan góða árangur íslenska liðsins við næstu úthlutun úr sjóðnum. Ég er bjartsýnn á framhaldið og krakkarnir eru tilbúnir að leggja enn harðar að sér en áður til að gera betur.“



Morgunblaðið/Frosti

Ingibjörg Arnardóttir og Ragnheiður Runólfssdóttir stóðu sig vel á EM í Aþenu. Ingibjörg bætti 13 ára gamalt met Þórunnar Alfreðsdóttur í 200 metra flugsundi á sunnudaginn.

### KYRRAHAFSLEIKARNIR

## Tvö heimsmet í Kanada

Tvö heimsmet féllu í gær á Kyrrahafsleikum í sundi sem nú standa yfir í Edmonton í Kanada. Kieren Perkins, Ástralía, bætti metið í 800 metra skriðsundi og Jeff Rouse frá Bandaríkjunum í 100 metra baksundi.

Perkins synti 1.500 metra skriðsund og millitími hans eftir 800 metra var 7:47.85 mínútur sem er nýtt heimsmet. Gamla metið (7:50.72 mín.) átti Vladímir Sahníkov frá Sovétríkjunum og var það sett 1986. Perkins sigraði í

1.500 metrunum á 14:59.79 mín., sem er rúmlega 9 sek. frá heimsmetinu.

Bandaríkjamaðurinn Jeff Rose bætti heimsmetið í 100 metra baksundi um 0,54 sek., synti á 53,93 sekúndum. David Berkoff, Bandaríkjunum, átti gamla metið og var það sett á ÓL í Seoul 1988. Rouse setti metið í 4X100 m fjórsundi, tók fyrsta sprett. Bandaríska sveitin sigraði í boðsundinu á 3:37.15 mín.

# Egerszegi stal senunni

— setti tvö heimsmet og varð þrefaldur Evrópumeistari

**KRISZTINA Egerszegi Ólympíumeistari frá Ungverjalandi setti á sunnudag annað heimsmet sitt á Evrópumótinu er hún synti 200 metra baksund á 2:06.62 mínútum. Hún bætti fimm ára gamalt heimsmet Betsy Mitchell um 2 sekúndur. Hún hafði áður sett heimsmet í 100 metra baksundi á mótinu.**

Egerszegi, sem er aðeins 17 ára, hafði mikla yfirburði í 200 m baksundinu og fékk því litla keppni.

Landa hennar, Tunde Szabo, varð önnur tæpum 5 sekúndum á eftir. Egerszegi setti einnig heimsmet í 100 metra baksundi fjórum dögum áður og sigraði í 400 metra fjórsundi og varð því þrefaldur Evrópumeistari.

Hún varð Ólympíumeistari í Seoul aðeins 14 ára gömul og kom því fáum á óvart árangur hennar á mótinu. „Ég er mjög ánægð og ég á eftir að tala við Tunde um það hvernig við höldum upp á heims-

metið í kvöld,“ sagði Egerszegi eftir sundið á sunnudaginn. „Ég veit ekki hvað þetta met stendur lengi, en ég veit að ég á eftir að verða enn betri.“

Mette Jacobsen frá Danmörku vann þriðju gullverðlaun sína á mótinu á sunnudag er hún sigraði í 200 metra flugsundi. Fyrir Evrópumótið höfðu Danir ekki unnið gull á EM síðan 1950. Það er því greinilega mikill uppgangur í sundinu hjá Dönum og veita þeir nú Þjóðverjum harða keppni.

Þjóðverjinn Nils Rudolph setti Evrópumet í 50 metra skriðsundi karla, synti á 22,33 sek. Sovéttmennirnir Gennadi Prigoda (22,44) og Vladímir Tkachenko (22,74) urðu í öðru og þriðja sæti.

Heimsmethafinn þýski Jörg Hoffmann varð Evrópumeistari í 1.500 metra skriðsundi eftir einvígi við Ian Wilson frá Bretlandi. Hoffmann synti á 15:02.57 mín og var langt fá heimsmeti sínu 14:50.36 mín., sem hann setti í Perth í Ástralíu.

Sovéttmenn unnu flest gullverðlaun á mótinu, alls 16. Þjóðverjar komu næstir með sex gullverðlaun og Ungverjar í þriðja sæti með 5 gullverðlaun. Athygli vekur slakur árangur þýsku stúlkanna því áður en Þýskaland var sameinað einokðu þær austur-þýsku kvennagreinarnar. Það er því spurning hvort hert lyfjaeftirlit heima fyrir hafi haft þessi áhrif.